



Samþykkt um frístundastyrki í Kjósarhreppi

1. gr.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps ákvarðar árlega greiðslu frístundastyrkja og upphæð þeirra. Skal fjárveitingin koma fram árlega í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.

Styrkir eru greiddir út tvisvar á ári samkvæmt samþykkt þessari.

2. gr. Markmið, tilgangur og skilyrði.

Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Frístundastyrkur er framlag Kjósarhrepps til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms, þátttöku í hverskonar barna- og unglingastarfi á vegum viðurkennda félagasamtaka og tómstundastarfs. (Dans, tónlistarnám, íþróttaiðkun, leiklist, myndlist og fl.)

Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

3.gr. Styrkuppahæð:

Styrkur kr. 60.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópin 6-18 ára

Styrkur kr. 30.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópin 3-6 ára

4. gr. Skilyrði fyrir greiðslu styrkja.

Að styrkþegi eigi lögheimili í Kjósarhreppi

Að styrkþegi sé á aldrinum 3-18 ára, miðað við fæðingaár

Að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé um að ræða í a.m.k. 10 vikur á árshefningi.

5. gr. Tímabil frístundastyrksins. ¹

Tímabil frístundastyrksins er frá 01.janúar til 31. desember ár hvert. Sé styrkurinn ekki nýttur innan þess tímabil fellur hann niður.

6. gr. Ráðstöfun styrkja ²

Hægt er að ráðstafa styrknum gegnum flest frístundakerfi frístundafélaga í þeim tilfellum er valið að nýta frístundastyrk um leið og barn er skráð hjá félaginu. Styrk til annarra félaga þarf að skrá gegnum MÍNAR SÍÐUR inná www.kjos.is

Samþykkt þessi var samþykkt á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 4. september 2018 og öðlast þegar gildi ¹. Breytingar á tímabili samþykkt á hreppsnefndar fundi nr. 209 þann 4.



febrúar 2020

² Breytingar á ráðstöfun styrkja samþykkt á hreppsnefndar fundi nr. 209 þann 4. febrúar 2020.